



Golfklúbbur Skagastrandar

Ársskýrsla 2020

Aðalfundur Golfklúbbs Skagastrandar var haldin í mars og urðu engar breytingar á stjórninni.

Veðrið var með miklum ágætum og var góð aðsókn á völinn um sumarið og til marks um það þá var tvöföldun vallargjalda á milli ára sem er einkar ánægjulegt. Vallarstarfsmenn voru Egill Örn Ingibergsson, Magnús Baldursson og Róbert Jónasson og stóðu þeir sig mjög vel við að halda vellinum góðum. Það voru ekki miklar framkvæmdir við völinn síðasta sumar. Fyrir utan almennt viðhald þá var dyttað að girðingum og nokkur vinna lögð í að lagfæra 3. braut með því að loka skurðum og fylla í dældir og tyrfa yfir.

Í sumar þá var haldið vikugolfnámskeið í samvinnu við U.m.f Fram fyrir krakka á Skagaströnd og sá Finnbogi Guðmundsson um kennslu. Þátttaka var fín og skemmtu krakkarnir sér vel.

Atli Rafnsson kom frá Sauðárkróki og var með golfnámskeið fyrir börn og unglunga um sumarið. Alls kom Atli níu sinnum og var námskeiðið vel sótt, krakkarnir áhugasamir og ánægð með kennsluna. Stefnt er að því að Atli komi næsta sumar og haldið sé áfram að vekja áhuga krakka á golfíþróttinni.



Punktamótin voru á sínum stað og var þátttaka almennt góð. Alls voru spiluð 16 punktamót og fór það að sumri loknu að Ingibergur Guðmundsson GSK varð punktamótsmeistari, Jón Jóhannsson GÓŠ í öðru sæti og Adolf H. Berndsen GSK í þriðja sæti. Opna Fiskmarkaðsmótið/Minningarmótið um Karl Berndsen féll því miður niður vegna veðurs síðasta sumar.

Gengið var frá samningi um sölu á landi og húsum klúbbsins til Sveitarfélagsins Skagastrandar. Söluverð var 18 milljónir sem greiðist á 6 árum, 2019-2024. Jafnframt skuldbatt klúbburinn sig til að reka völinn þann tíma.

Félagar í Golfklúbbi Skagastrandar eru u.þ.b. þrjátú. Sjálboðavinna skiptir miklu máli í svona litlum klúbbi og hafa félagar í klúbbum verið duglegir að vinna hin ýmsu verkefni þegar á þarf að halda eins og afla styrkja fyrir klúbinn og hjálpa til við umhirðu vallarins. Eiga þessir sjálfbóðaliðar mikið hrós skilið fyrir óeigingjarnt starf á þágu klúbbsins.

F.h. stjórnar GSK

Finnbogi Guðmundsson, formaður